

# Dalalæðan

1. tbl. 32. árg. 24. janúar 2019



## DUNA SEGIST ÞEKKJA ÞENNAN FUGL

Ljósmynd: Halldór Þorgeirsson

## AÐALFUNDUR VÍGHÓLS

Verður haldinn í Reykjadal  
fimmtudaginn 21. febrúar klukkan 20:00

### Dagskrá:

- ✓ Ársskýrsla stjórnar.
- ✓ Reikningar liðins starfsárs lagðir fram.
- ✓ Kosning stjórnar og endurskoðanda.
- ✓ Lagabreytingar.
- ✓ Önnur mál.

*Fjölmennum - Stjórn Víghóls*



Íbúar hreinsa veginn eftir dauðaslys síðasta árs.

Dalurinn virðist ósýnilegur í „stóra samhenginu“. Hann er austast á höfuðborgarsvæðinu þar sem eru hvorki blokkir né raðhús. Hann er gegnumstreymis hluti af Gullna hringnum. Þjóðin hefur í reynd fórnað Þingvöllum til þess eins að hafa gjaldeyristekjur af ferðamönnum. Samkomuhald á vegum Alþingis er liðin tíð á þessum helga reit, og sést varla Íslendingur þar lengur. En vilja ráðamenn fórna dalnum líka? Eitt sinn sagði ágætur dalbúi að það væri í lagi að fórna náttúrunni svo fremi að hún sé bætt með gjaldreyri. Það er mergur málsins. Engu breytir hversu mikið íbúar funda með ráðherrum og þingmönnum eða senda til yfirvalda beiðni um að færa hraðbrautina úr byggð. Félag okkar dalbúa létti þeim vinnu og kostnaði um að gera frumdrög að umgjörð nýs vegar, unnin af verkfræðistofunni Verkís, sem hefur mikla reynslu af að vinna með Vegagerðinni.

Það fást engin svör. Það bregst enginn við. Mönnum er tíðrætt um reglur og stjórn-sýslu, en það er allt marklaust, þegar á hólminn er komið. Það er ekki hlustað á íbúana, yfirmenn Vegagerðarinnar virðast ráða hér meiru en kjörnir fulltrúar. Allt snýst þetta um „greiða leið til Þingvalla“

eins og umdæmisstjóri Vegagerðarinnar marg sagði á fundi félagsins. Þegar dauðaslys verða, er brugðist við með plástrum, líkt og gert var sl. sumar.

Það tala allir um að hér séu að koma tvö hringtorg og nýjir afleggjarar út og suður, en enginn gefið því gaum hvesu langan tíma það mun taka. Eða það jarðrask og allar þær hjáleidir sem þarf að búa til undir umferð þeirra 3.500 bíla sem algengt er að blússi hér í gegn á hverjum degi. Nýr vegur yfir Mosfellsheiði til Þingvalla er alls 18 km. og yrði löngu frágenginn á þeim tíma sem hringtorgaskipulagið útheimtir og verður bara enn einn plástrurinn á sprungna umferð um dalinn.

## Dalalæðan

1. tbl. 32. árg. 24. janúar 2019.

**Útgefandi:** Íbúasamtökin Vighóll Mosfellsdal.

**Ritstjórar og ábyrgðarmenn:**

Guðný Halldórsdóttir & Halldór Þorgeirsson.

**Auglýsingastjóri:** Jóhannes Þór Hilmarsson.

**Forsíðumynd:** Halldór Þorgeirsson

**Umbrot & Prentun:** ARTPRO Prentþjónusta

Dalalæðan er prentuð í 300 eintökum.

Blaðið er borið út á hvert heimili í Mosfellsdal og einnig sent til brottfluttra Dalbúa.



hefur það breytt umferðinni um dalinn til batnaðar. Lofað var einnig þéttibýlis-hliðum sem enn hefur ekki bólað á og hefur Vegagerðin lofað að fara í það nk. sumar.

Óskað var eftir fundi samgöngu-ráðherra vegna þjóðveggar í dalnum. Fengum ekki fund með Sigurði Inga fyrr en eitt dauðaslysið enn hafði orðið á veginum. Fórum á fund ráðherra þar sem við kynntum honum hugmynd að byggja upp nýjan veg frá Geithálsi til Þingvalla, sem hann tók vel í en hefur ekki fylgt því eftir að neinu leiti þrátt fyrir fyrirspurnir.

Deiliskipulag Þingvallavegar fór í auglýsingu á árinu. Gerðum athugasemdir við hæð göngustígs meðfram Þingvallavegi þar sem F.Í.B. hafði gert athugasemdir og taldi hann ekki löglegan.

Okkur barst erindi þar sem fram kemur með samþykktu aðalskipulagi 2013, að hafi verið laumað inn eignarnámi í formi hverfisverndar og aldrei verið kynnt landeigendum í dalnum og er það nú í kærufarli.

**Takk fyrir árið, fyrir hönd Vighóls,  
Guðbergur Guðbergsson**





# ÞORRABLÓT 2018

- Nokkrar svipmyndir



## SKRIÐUFÖLL Í DALNUM

Aurskriður féllu í Helgafelli, Grímanselfelli og Æsustaðafjalli 18. nóvember síðastliðinn. Vegurinn inn í Skammadal, neðan við Víghól, tók í sundur og var hann lokaður í nokkra daga. Svona skriður eru svo sem engin nýlunda í dalnum og bera öll fellin þess merki. Talið er að Mosfellsbærinn hafi staðið þar sem nú er Hrísrú, en bærinn hafi verið færður innar í dalinn einmitt eftir að aurskriða féll nærri mannvirkjum.

Nóvember var hlýr og hiti var yfir meðaltali á landinu öllu. Austanáttir voru ríkjandi og mikil hlýindi voru á landinu helgina



16. til 18. nóvember með sunnanátt og óvenju mikilli úrkomu á sunnan- og vestanverðu landinu. Í höfuðborginni mældist úrkoman 83,2 mm. á tveimur sólarhringum og er það mesta úrkoma sem mælst hefur á tveimur sólarhringum.

# STÓRAFMÆLI 2019

Eftirtaldir Dalbúar fagna stórafmæli á árinu

## 85 ára

Hreinn Ólafsson, Helgadal . . . . . 17. júlí

## 80 ára

Sigurður Skarphéðinsson, Sigtúni . . . . . 17. febrúar

## 75 ára

Ásgeir Pétursson, Dalbúi . . . . . 6. júlí

Ásgerður Gísladóttir, Hrísrú . . . . . 16. október

Þórarinn Jónasson, Laxnesi . . . . . 26. apríl

## 70 ára

Baldur Sigurðsson frá Reykjadal . . . . . 13. maí

Guðrún Jóhannsdóttir, Skuld . . . . . 7. maí

Hildur Einaradóttir, Laugabakka . . . . . 25. maí

Kristján Einarsson frá Reykjadal . . . . . 15. júlí

María Hákonardóttir frá Grund . . . . . 30. apríl

Páll Einar Halldórsson, Hraðastöðum 5 . . . . . 2. september

Þórður Sigurðsson frá Lundi . . . . . 22. júlí

## 60 ára

Tómas Atli Ponzi, Brennholti . . . . . 10. júní

## 50 ára

Einar Scheving Thorsteinsson frá Árvangi . . . . . 8. apríl

Gísli Ólafsson, Hrísrú . . . . . 31. maí

Högni Fróðason frá Dalsgarði . . . . . 27. ágúst

Jóna María Kristjónsdóttir, Hraðastaðavegi 11 . . . . . 28. ágúst

Nína Baastad, Hraðastöðum . . . . . 30. ágúst

*Dalalæðan óskar þessu ágæta fólki gæfu og hamingju*

Þann 2. febrúar 2019 verður haldið í Harðarbóli

# ÞORRABLÓT DALBÚA

Húsið opnar kl. 19 - Borðhald hefst kl. 20 - Miðaverð kr. 7700

# HVAÐ ER AÐ FRÉTTA UNGU KONUR ?

- Viðtöl: Hafdís Huld Þrastardóttir & Dalrún J. Eygerðardóttir



Hafdís Huld Þrastardóttir á Suðurá með hljóðver og heimili í bakgrunni.

Allt gott að fréttu af Hafdís Huld á Suðurá. Hún er að leggja síðustu hönd á nýja diskinn sinn, svo á leiðinni að spila og syngja á Folk Alliance International í Montreal, stærstu þjóðlagahátíð heims. Hún fer með tónlist sína víða um heim, þó minna fari fyrir henni en mörgum montrassinum í sama bransa. Enn hefur sístreymisbylgjan ekki sett strik í plötuútgáfu hennar, enda flytjendur og hlustendur þjóðlaga í rólegri gírnum. Hafdís er alin upp í Kópavogi, bjó 10 ár í Englandi, en flutti svo í dalinn. Hafdís gekk að eiga Alisdair Wright tónlistarmann á síðasta ári og unir sér vel. Þau hjón eru að byggja sér hljóðstúdíó í túnfætinum og halda rónni þrátt fyrir frægð og frama á erlendri grund. Hverju vill hún breyta í dalnum:

„Ef ég gæti breytt einhverju til batnaðar þá myndi ég reyna að minnka umferðina hér í gegnum dalinn, það er sárasta breytingin á þessum árum sem ég hef búið hérna í dalnum.“

Hafdís er ekki ein um það. Við óskum henni alls hins besta í Kanada og svo í nýja stúdíóinu.



Dalrún J. Eygerðardóttir á Hraðastöðum.

Það er margt í gangi hjá Dalrúnu á Hraðastöðum. Hún situr við skrifrit á doktorsritgerð um sögu ráðskvenna á síðari hluta 20 aldar. Þegar hefur hún aflað sér upplýsinga með viðtölum teknum um land allt, en ætlar einnig að vinna heimildarmynd úr þeirri gagnaölfun.

Enn fremur er Dalrún að leggja loka-hönd á bók um förukonur og einsetukonur á Íslandi, en það hefur engum dottið í hug fyrir, en margar frásagnir til um kalla í sömu stöðu. Hún brýtur upp daginn með gönguferð meðfram Köldukvísl og gefur hröfnunum, sem eru farnir að þekkja hana. Dalrún er mjög sátt við að geta unnið heima í friði og ró, en finnst eini ókosturinn við annars kurteist mannlíf, hve umferðin er orðin skelfileg á stuttum tíma.

**MUNIÐ AÐ GEFA  
SMÁFUGLUNUM**

# FJALLA - EYVINDUR OG HALLA



Fjalla – Eyvindur var dysjaður utan garðs á Hrafnfjarðareyri 1782, en Halla lést í Mosfellssveit um svipað leyti, fjarri manni sínum.

Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar er örstutt saga um síðustu dægrið í lífi Höllu Jónsdóttur: „Um afgang [dauða] Höllu hefur Gísli Jónsson snikkari í Reykjavík sagt mér að þegar hún seinast gaf sig upp eða var tekin þá hafi hún verið svo farlama að

hún hafi ekki verið haldin í tugthúsinu, heldur fengið að hafast við í koti nokkru upp í Mosfellssveit. Hún dvaldist þar um nokkurn hluta sumars. Um haustið var einhvern dag sólskin og fagurt veður með hægri kælu; sat Halla þá úti undir bæjarvegg og hafði orð á því „að fagurt væri í fjöllunum núna.“

Nóttina eftir hvarf hún og fannst ekki aftur.

Nokkrum árum seinna fannst lík hennar í Henglafjöllum og tveir sauðir hjá er hún hafði krækt á hornunum undir stytband sitt. Hyggja menn að Halla hafi orðið þar til [dáið] þegar hún strauk því veður hafði spillst rétt á eftir.“

Magnað hvað farlama kerlingar komust í gamla daga, sbr. þá sem rölti um heiðina í þrjá sólarhringa með „brauðið dýra“.

# TVEIR Í EGGI KENNDIR VIÐ SAMA BÆINN





# STARDALUR – IM MEMORIAM



Það gaus upp réttlát reiði í dalnum og víðar þegar mannleysur lögðu eld að Stardal fyrir rúmu ári og þessi fallegi bær brann til kaldra kola. Þó Stardalur sé sagður í Reykjavík hefur hann alltaf tilheyrð dalnum og kúabúinu þar að þakka að vegurinn í gegnum dalinn var mokaður reglulega fyrir mjólkurbílinn. Hjónin Magnús og Þórdís brugðu búi í Stardal fyrir allnokkrum árum og fluttu að Hlaðhörmum. Húsið og útihúsin voru nýtt af sonum þeirra og innbú allt til staðar. Stardalur var afar myndarlegt bú og byggingar þar til eftirbreytni, bæjarstæðið einstakt. Þar var eina haughúsið sem fyrirfannst í dalnum og mjólkurhúsið flísalagt með hvítum flísum í hól og gólf og allt til fyrirmyndar. Það var mikið fjör í Stardal í gamla daga og gestkvæmt hjá Jónasi og Kristrínu, en þau byggðu upp bæinn í þeirri mynd sem hann var.



Hjörtur hét maður, einstæðingur og húskarl, sem bjó í kjallaranum, en stundaði vegavinnu á sumrin. Hann ílengdist í Stardal og var fastur liður á hlaðinu, þegar fólk bar að garði. Mannleysurnar sem kveiktu í tóku ekki með í reikninginn að sá gamli er genginn aftur og mun hrella þá fram í rauðan dauðann og gera þá friðlausa.

## LANDNÁMA EKKI GÓÐ HEIMILD



*Danir drepa Eadmund konung, meintan afa Vilborgar Ósvaldsdóttur.*

Þórður skeggi hét maður; hann var sonur Hrapps Bjarnarsonar bunu. Þórður átti Vilborgu Ósvaldsdóttur; Helga hét dóttir þeirra; hana átti Ketilbjörn hinn gamli.

*Landnáma / Sturlubók*

Sturla vissi augljóslega ekkert um bláu blóð afkomenda Skeggja.

Ártöl er býsna snúin í miðaldasögu Íslendinga og flestir útreikningar byggjast á tveimur gefnum ártölum: Dráp Eadmundar englakonungs 870 og fall Ólafs Tryggvasonar konungs árið 1000. Eadmundur tengist Mosfellsdal og sagður afi Vilborg-

ar Ósvaldsdóttur, sem byggði Skeggjastaði ásamt manni sínum Þórði skeggja. Ættartalan í Landnámu er hins vegar uppdiktuð. Konungsdóttirin, móðir Vilborgar er fædd 870 og Ósvaldur pabbi deyr 880 skv. enskum annálum. Varla hefur prinsessan átt Vilborgu á barnsaldri.

Halldór Laxness segir í *Tímatalrabbi* frá 1969: „Er þar skemst frá að segja að afallri lygi um Eadmund þyki mér þó sú hlálegust sem léttlyndir sagnamenn íslenskir komu á gang, og stendur í einni landnámugerð, og seinni tíma fræðimenn íslenskir hafa hvomað í sig eins og flest sem er nógu lygilegt; og hún er sú að þessi þýski Eadmundur einglakonungur píslarvottur og dýlingur hafi verið afi konunnar á Skeggjastöðum í Mosfellssveit hér fyrir ofan hálsinn.“

Örnefni Vilborgarkelda og Skeggjastaðir eru jafngóð fyrir það.

**Hrossaræktunarbúið**  
**ÓLAFSHAGI**  
...á horninu

## Grænmetismarkaður Tjaldstæði



**MOSSKÓGAR**  
**Sími 663 6173**



**Kjarnagluggar**

**GLUGGI Í GLUGGA**

- TILVALIÐ VIÐ ENDURNÝJUN GLUGGA
- ENDINGAGÓÐIR PLASTGLUGGAR

Kjarnagluggar ehf. | Roðamóa 9 | s: 893 6001  
kjarnagluggar@kjarnagluggar.is | kjarnagluggar.is



# MEIRI FORNLEIFAR?

- Kristinn Magnússon skrifar



Verið að rífa gamla húsið.

Síðastliðið vor var ráðist í framkvæmdir við Mosfellskirkju. Til stóð að skipta um undirlag á bílastæðinu austan við kirkjuna og stækka það til austurs. Eftir að framkvæmdir hófust á staðnum kom í ljós að talsverðar mannvistarleifar voru á svæðinu. Minjastofnun Íslands stöðvaði framkvæmdirnar og í framhaldinu var Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur fengin til að kanna það svæði sem opnað hafði verið. Bílastæði eins og það var og fyrirhuguð stækkun þess er á bæjarhól Mosfells. Af túnakorti frá 1916 má sjá afstöðu þeirra bæjarhúsa sem þá voru á staðnum. Þau stóðu á þessum sama stað. Prestbústaður var byggður þar sem þessi hús stóðu í kringum 1960. Prestbústaðurinn var steinsteypt þriggja hæða hús. Hlutar af grunni hússins komu í ljós við framkvæmdirnar í vor. Grunnur hússins hafði verið grafinn niður á klöpp þannig að allar eldri minjar í kringum prestshúsið voru horfnar.

Helstu niðurstöður rannsóknar Ragnheiðar Traustadóttur voru þær að þrátt fyrir mikla röskun fyrri framkvæmda við byggingu prestbústaðarins og þá röskun

sem átti sér stað við framkvæmdir nýja bílplansins síðastliðið vor þá má enn finna heillegar minjar og vel varðveitt mannvistarlög á svæðinu. Elstu mannvistarlögin eru talin vera frá 10. öld.

Ljóst var að ef halda ætti framkvæmdum áfram á staðnum þyrfti að ráðast í umfangsmiklar fornleifarannsóknir fyrst. Það þótti ekki gerlegt. Það varð því að samkomulagi milli sóknarnefndar Mosfellskirkju og Minjastofnunar Íslands að engar frekari framkvæmdir yrðu á svæðinu og að gengið yrði frá því þannig að mannvistarlög varðveittust undir sverði.

- Kristinn Magnússon  
Minjastofnun Íslands

**VERKFÆRA  
SALAN**

**WWW.VFS.IS**

# FÉ FÆKKAR



Þessi mynd er tekin þegar safnið rennur inn í Hraðastadarétt fyrir ca. 50 árum, þar sem Jónstótt stendur nú.

Úr því að hafa einu sinni verið 3000 kindur í Mosfellssveit eru þær orðnar innan við 150. Sem þýðir að sauðfjárþúsapúr hér um slóðir hefur runnið sitt skeið á enda. Sumir halda nokkrum sér til skemmtunar og í sunnudagsmatinn síðar. „Allt undir 150 kindum á fóðri er sportþúsapur og borgar sig engann veginn, nema að þú hafi aðra vinnu," segir Hreinn í Helgadal. Ekki lýgur hann, sem var einn sá fjársterkasti í dalnum með nokkur hundruð fjár. Nú eru menn alveg hættir að vera með hatta í smalamennsku eins og Þórhalli sálugi sportbóndi úr Reykjavík.



Gúmmí-túttur komu mörgum búmanninum til góða. Þeir voru bræddir úr gúmmíslöngum og sniðið aðlagð að sauðskinnsskóm. Sumir kölluðu þá dekkskó og þóttu svo liprir á löpp að menn bókstaflega flugu yfir mýrar og móa í þessu, skraufpurir.

Dalalæðan

# VEIÐIHORN GUÐNA

Guðni Bjarnason á Hraðastöðum



Guðni áður en hann varð refaskytti.

„Árið var nokkuð erfitt sökum veðurs" sagði refaskyttinn Guðni Bjarnason á Hraðastöðum „Sumarið var kalt, blautt og vindasamt. Þá gerði refurinn mér þann grikk að stofna til nýs grenis upp í Skammadal, en þar er töluverð umferð af útivistarfólki. Því var ekkert annað í stöðunni en að reyna að draga dýrin frá greninu. Það kom að sjálfu sér, því dauður hrútur var í nágrenninu og rebbi fór í hræið. „Ég beidd því rólegur og allt tókst þetta með þolinmæðinni."

Annars er árangurinn í tölum: 79 minkar, 18 refir úr fimm grenum með 29 yrðlinga, 7 hlaupadýr og um 260 sílamávar. Veiðin í heild er heldur meiri en í fyrra, en fegnastur er Guðni að sílamávarinn sé í lægd.

**Mosblikk ehf**  
Öll almenn blikksmíði  
sími 894 1236



# GVENDARREITUR

- Listigarður á besta stað í dalnum

## Ágæstu Dalbúari!

-Nú er komið að gróðursetningu í "Guðmundarreit"-

Á laugardaginn 24 júní kl. 1 eru Dalbúar hvattir til þess að mæta með skóflur og hjólbótur í reitinn vestan við Furuvelli. Að þessu sinni verður Strandaviðirinn grisjaður og færður til, en menn eru annars hvattir til þess að hafa með sér einhverjar plöntur til þess að planta.

Rísa tjald verður á staðnum og verða veitingar bornar fram í því gegn vægu verði, en ágóða varið í áburðarkeup.

**METUM ÖLL-nefadin**

Guðmundur hét maður, sonur sr. Bjarna á Mosfelli og var þess vegna kallaður Gvendur Presley. Hann væri 64 ára í dag. Fyndinn, klár, hlédrægur, lávaxinn og ljóshærður, var m.a. til sjós og hörkuduglegur í öllu því sem hann hafði áhuga á. Hans síðasta verk var að planta nokkrum hríslum á ónotaðan þýfðan reit, sem tilheyrir kirkjunni og er vestan megin við Furuvelli.

Guðmundur tók sitt eigið líf, þrítugur. Við samferðafólk hans féllum saman, sjálfsmorð er reiðarslagur. Hann var jarðaður á Mosfelli. Var jarðarförin svo margmenn að flestir þurftu að sitja í rútum fyrir utan kirkjuna og horfa niður dalinn og sum okkar í átt að reitnum hans. Hétum við Gvendi að halda áfram með ræktunina hans og halda minningunni um skemmtilegan vin.

Sr. Bjarni faðir hans hafði milligöngu um að dalbúar fengju spilduna leigða til áframhaldandi uppgræðslu, sem er enn í fullu gildi. Kvikmyndafélagið Umbi hafði orðið skrilli á Stellu í orlofi og lét pening í púkk, snikti aur fyrir girðingarefni hjá Gljúfrasteinshjónum og Guðrún í Víði gaf fé til uppbyggingar göngustígs innan garðsins. Við byggðum brú svo að Ása á Hrísrú kæmist með áburð og enn aðrir



Rissid hans Fróða í Dalsgarði.



Gvendur og Bjarki bróðir í Keflavíkurgöngu.



Tjaldið góða úr Falklandseyjastriðinu.



Tóta og Stína Páls.

báru með sér græðlinga og plöntur. Fróði í Dalsgarði var arkitekt að Gvendarreit og var mikil vinna sett í að búa til þennan listigarð dalbúa. Í tuttugu og fimm ár komum við saman á hverju sumri og plöntuðum út fleiri plöntum með börnin okkar, sem ultu um þúfurnar og unnum eins og berserkir, þar til kvöldu tók og var þá grillað á gamalli múavél og kveiktur varðeldur og sungið. Það var slétt úr þúfunum og gerður sparkvöllur, við fengum vanan torfhleðslumann að búa til hringsofa og síðustu árin fóru í að grisja það sem við höfðum plantað 1986. Bærinn gaf okkur leiktæki, sem hurfu að vísu, en þeir hafa slegið sparkvöllinn, oftar en einu sinni. Það var alltaf gaman í Gvendarreit, því samheldnin skipti öllu máli.

Á síðasliðnum árum hefur nær enginn heimsótt listigarðinn, nema Þórunn í Hveramýri sem hélt útskriftarpartíð sitt þar s.l. sumar með dúndri. Kannski vita ekki nógu margir af Gvendarreit, við erum dálítið dóm yfir því, en margar ástæður kunna að liggja þar að baki. Í fyrsta lagi þekkist ekki lengur sjálfböðavinna. Bílum er ekki hægt að parkera



Nonni í Dalsgarði kennir börnunum að planta.

meðfram veginum, eftir að vegurinn varð framlenging af Miklubrautinni.

Brúin inn í dýrðina er orðin gömul og víðsjarverð. Rennandi vatn og klósett er orðin nauðsyn í listigörðum, Gvendarreiturfur hefur allt til að bera fyrir gott stuð, misgóðan söng og útiveru í guðsgrænni náttúrunni.

Nú er komið ungt og ferskt fólk í dalinn og þau verða að vita af þessari perlu, sem við byggðum upp í minningu um Gvend og er nú orðinn fagur skógur með vel hugsaða innviði. Það er lag að hnippa í bæjaryfirvöld og fá þá til liðs að lagfæra ofangreinda hluti, þannig að fólk geti notið fegurð vallarins.

## EINBÝLISHÚS TIL SÖLU



Frábært útsýni. Fyrstur kemur, fyrstur fær.

Til sölu syljubomsur á sama stað.

Upplýsingar í GSM 8929823 - Ávaldur



# NÝBYGGINGAR & FRAMKVÆMDIR Í MOSFELSDAL



Nýbygging - Úr landi Hradastaða.

Ólíkt Norðmönnum, fylgar okkur Dalbúum. Sumir leita aftur í áttahagana, aðrir reisa vinnuaðstöðu og enn aðrir eru landnemar, sem vilja flytja í síðasta vígi dreifbýlis á höfuðborgarsvæðinu. Einsleitni er að verða að þjóðameini. Það lítur allt eins út, sami strúktúr úr sömu hrærivélinni.

Skilyrði fyrir nýbyggingum hér um slóðir er að landið sé ekki minna en hektari, og hugsunin sú að íbúar geti unnið á eigin landi. En eins og stundum er þá gildir það skipulag fyrir suma en ekki alla.



Viðbygging - Viðigerði.



Nýbyggingar - Hradastaðir.



Nýbygging - Reykjadalur 2.



Nýbygging - Vindhóll.



Nýbygging - Dalakofinn.



Nýbyggingar - Suðurá.



Nýbygging - Lækjarnes í Laxneslandi.



Nýbygging - Mosskógur.



Ný gróðurhús - Lundur.



Viðbygging - Hlaðgerðarkot.



Þingvallavegur - Hvað er þetta eiginlega?

## PÓSTLISTI VÍGHÓLS

Stjórn Víghóls er að koma upp póstlista sem hægt er að nýta fyrir tilkynningar. Heimasíða er tilbúin og hvetjum við dalbúa að hjálpa okkur að halda henni virkri með fróðleik og skemmtiefni.

Dalbúar eru hvattir til að senda netföng sín á

[vigholl@mosfellsdalur.is](mailto:vigholl@mosfellsdalur.is)

Heimasíða:

[www.mosfellsdalur.is](http://www.mosfellsdalur.is)



# SVIPMYNDIR ÚR LÍFI OG STARFI DALBÚA ÁRIÐ 2018



*Fagur flokkur hestafólks leggur á heidina.*



*Bræðurnir á Hrisbrú fá 1. verðlaun fyrir lopapeysur.*



*Disa á Skeggja búin á því í saudburðinum.*



*Horft á Júrúvísión í fjárhúsi.*



*Sigga í Dals og Lilly Viggudóttir í holtinu.*



*Tommi og Björk með rísa bufftómata og annað gírnilegt úr ræktun sinni í Brennholti.*



*Ungrú Furuvellir, Reykir og Reykjadalur.*



*Indverskur jógagúrú kennir dalkonum að finna sjálfar sig.*



*Bedið eftir forréttinum.*



# TVÖ FLUGSLYS

- MIÐVIKUDAGUR 19. DESEMBER 1979

Ellefu manns slösuðust í tveimur flugslýsum sem urðu með fárra klukkustunda millibili á Mosfellsheiði síðdegis í gær. Fyrri slysið var um kl. 15:20 er flugvél af gerðinni Cessna 172 fórst. Voru í henni flugmaðurinn, sem er franskur, Nýsjálandingur og tvær finnskar stúlkur, sjúkrahjálfarar á Reykjalandi, sem hlutu talsverð meiðsli. Síðara slysið varð kl. 19:13 þegar björgunarþyrla frá Varnarliðinu hrapaði. Hafði hún flutt einn hinna slösuðu til Reykjavíkur og var þyrlan nýlögð upp frá slysstaðnum í annað sinn með hina þrjá slösuðu úr fyrri slysinu, tvo lækna og fimm manna áhöfn þegar hún hrapaði skyndilega um 200 metra frá fyrri slysstaðnum. Slösuðust allir og hlutu sumir opin beinbrot.

Ljósmyndari Morgunblaðsins, Ragnar Axelsson, sem var sjónarvottur að þyrluslysinu segir m.a. í samtali á baksíðu blaðsins: „Það er kraftaverk að ekki fór verr. Þegar ég sá flakið var ég sannfærður um að flestir hefðu farist.“

Um klukkan 15:20 í gærdeg var tekið að sakna fjögurra sæta Cessna vélar og heyrðist frá henni neyðarsending um svipað leyti og fór þá flugvél flugmálastjórnar á loft til að finna vélina. Fannst hún skömmu síðar á Mosfellsheiði, skammt sunnan Þingvallavegarins ekki langt frá svonefndri Klofningatjörn, en eljagangur var á og myrkur að leggjast yfir. Þyrla frá Varnarliðinu fór á vettvang og flutti flugmanninn til Reykjavíkur. Var þyrlan í æfingaflugi er hún var send á



slysstaðinn. Varð hún að krækja fyrir él og lenti síðan. Urðu tveir sjúkraliðar úr áhöfn þyrlunnar eftir á slysstað og hlúðu að hinum slösuðu ásamt mönnum frá Flugbjörgunarsveitinni og fulltrúum rannsóknarnefndar flugslýsa, en stúlkurnar voru fastar í flakinu. Eftir að hafa tekið tvo lækna slysaeyðdar Borgarspítalans og eldsneyti í Reykjavík hélt þyrlan á slysstaðinn að nýju og var þar um kl. 18:50. Þyrlan lagði upp aftur kl. 19:08 og hafði aðeins flogið örfáar mínútur þegar hún hrapaði. Slösuðust allir sem í henni voru nokkuð, en mismikið. Sjúkrabílar voru

þá sendir á staðinn frá Reykjavík og Hafnarfirði og fóru lækna með þeim til að búa þá slösuðu undir flutningana ásamt björgunarmönnum, en ásamt Flugbjörgunarsveitinni voru nú kallaðar út sveitir Slysavarnarfélagsins og Hjálparveitar skáta. Einn áhafnarmeðlima þyrlunnar var brotinn á hnjúm, annar fór úr axlarlið og sá þriðji hlaut minniháttar meiðsli. Aðrir munu m.a. slasaðir í baki, einn hlaut höfuðkúpabrot og meiðsl á auga og nokkrir hryggbrotnir eða með opin beinbrot.

Mbl. 19.des 1979



Fyrsti Dalsgarðurinn er um þessar mundir starfandi hesthús. Það væri þjóðráð að hnippa í Nauthólsbraggamennina og biðja um smáfirhalningu. Þeir eru vanir menn og vönduð vinna.



**GK**  
VÍÐGERÐIR

**566 6257**  
Flugumýri 16c, Mosfellsbæ

Þann 2. febrúar 2019 verður haldið í Harðarbóli

# ÞORRABLÓT DALBÚA

**Happadrættið! Brak og brestir!**

**Hljómsveitin Kókos mætir aftur!**

Húsið opnar kl. 19:00. Borðhald hefst kl. 20:00.  
Miðaverð kr. 7700.



# AÐ LEGGJA JÁRNBRAUT 1912

– Stórhuga menn árið 1912

Fyrir rúmri öld voru menn almennt stórhuga og fannst sjálfsagt að skoða lagningu járnbrautar til þess að tengja höfuðborgina við Suðurlandsundirlendið. Þeir sáu fyrir sér mikla flutninga á afurðum frá þessu mikla landbúnaðarsvæði sem var að margra mati nauðsyn ef borgin ætti að vaxa og dafna.

„Sumarið 1912 fór fram athugun á því hvar hentugast mundi vera að leggja járnbrautina austur. Fyrir valinu varð leið upp Mosfellsdal til Þingvalla, þaðan átti brautin að liggja norðan og austan Þingvallavatns að Selfossi. Þessi leið var valin sakir þess að þá myndi línan liggja um byggðir Mosfellsveitar, Þingvallahrepps og Grímsnessins að vestanverðu. Í öðru lagi kom í ljós að á þessari leið var jafnlendi, hvergi meiri halli en mest mátti vera, sem var hækkun eða lækkun um 1 m á hverja 40 lengdarmetra. Í þriðja lagi var leiðin talin snjóléttari en aðrar leiðir austur yfir fjall, einkum ef valinn yrði leið um norðurjaðar Mosfellsheiðar.

Að því loknu var tekið til að mæla fyrir og staðsetja brautarlagninguna í smástríðum. Niðurstaða þeirra mælinga var þessi: Járnbrautin átti að liggja frá Reykjavók fyrir ofan Elliðaárbrýr, framhjá Grafarholti, vestan Keldnaholts, norður mýrarnar vestan við Lambhaga, síðan milli Blikastaða og Lágafells, vestan við bæinn Varmá og þaðan um Ása eða

öðru nafni Helgafellsmela í Tjaldanes sem er vestast í Víðiroddanum í Mosfellsdal. Þaðan skildi halda upp Mosfellsvíðir, fara yfir Köldukvísl á Minna- Mosfellsvaði, neðan við Borgarhús og upp svonefndar Hestbrekkur, vestan við Miðmundarhól, en hann er sunnan Skeggjastaða. Þaðan var stefnan tekin beina línu inn Djúpadal sem



er rétt sunnan við Tröllafoss í Leirvogsá og austur Neðra-Sog, sunnan Ráðskonuhól, sem er sunna Leirvogsár beint í suðvestur á móti bæ í Stardal. Þaðan var stefnt yfir Efra-Sog og Leirvogsá, skammt neðan við ósinn, þar sem hún fellur úr Leirvogsvatni.” \*

Síðan kom stríðið og öllu var slegið á frest. En þegar því lauk var þráðurinn tekinn upp á ný, en hætt við að fara gegnum dalinn, heldur upp með Leirvogsá. Sennilegast hefði það ært óstöðugan í hvert sinn sem miðnæturlæstin brunaði upp dalinn.

**\*Menn og minningarþættir:**  
**Jónas Magnússon – 2004 / bls.125-126**

## LÝÐVELDIÐ & LÝÐVELDÍNA



Þann sautjándá júní á komandi sumri verður íslenska lýðveldið 75 ára, en þá hefði Steina í Dalsgarði líka átt afmæli. Það er ekki ólíklegt að einhver helli upp á könnuna í Dalsgarði af því tilefni, en nánast útilokað að 50 ára glenskið frá 1994 verði endurtekið á Þingvöllum. Til þess þyrftum við þjóðin nýjan veg, sem er ekki í boði, nema hringtorg, sem henta illa þjóðhátíðum, sbr. Þjóðvegahátíðin mikla.



**Gandur ehf.**  
Öll almenn járnsmíði  
og vélaviðgerðir  
**Sími 696 8523**

## Gakktu í bæinn

Fasteignasalan BAER opnar fyrir þér dyrnar að fasteignamarkaðnum



www.fasteignasalan.is  
Kópavogi og Selfossi



### HÁGÆÐA SMUREFNI



Jóhannes:  
896 1858  
Roðamói 3

www.facebook.com/Fluid-Film-á-Íslandi

Ferðapjónustan  
og bókaútgáfan

**FRÁ HVIRFLI TIL ILJA**

Sími 820-0320  
Netfang: bjarnasonbjarki@gmail.com  
**Bjarki Bjarnason**

**Dalsgarður**

– við gerum rósir

**Blómasala alla daga**  
**kl. 9.00-13.00**  
**Dalsgarði Mosfellsdal**

Gísli Jóhannsson rósabóndi / rosefarmer  
Dalsgarður, 270 Mosfellsbæ, Ísland  
Sími/tel: +354 566 7490  
Fax: +354 566 7610  
Netfang/e-mail: dalsgarður@simnet.is

# MOSFELLSKIRKJA

Mosfellskirkja í Mosfellsdal er í Mosfellsprestakalli í Kjalarnesprófastsdæmi. Hún var vígð 4. apríl 1965 af biskupi. Hún er gerð eftir teikningu Ragnars Emilssonar að undangenginni samkeppni. Kirkjan er byggð úr steinsteypu, sperrur eru úr járn en þak klætt eiri svo og kirkjuturninn sem stendur á þrem súlum upp af austurhorni kirkjunnar. Yfirsmiður var Sigurbjörn Ágústsson, húsasmíðameistari í Hafnarfirði, uppsetningu á sperrum og þakgrind annaðist Leifur Loftsson, Mosfellsveit. Allir fletir kirkjunnar eru þríhyrningslaga.

Í kirkjunni eru sæti fyrir 108 manns. Gömul og fræg klukka er í kirkjunni, talin vera frá 15. eða 16. öld; um hana er lítið vitað. Klukkan er afar formfögur og hljómgóð.

Mosfellskirkja er sjálfseignarstofnun. Hún hafði tekjur af sölu heits vatns, sem Stefán Þorláksson lét henni eftir í erfðaskrá. Þau réttindi hafa fyrir löngu verið seld Orkuveitu Reykjavíkur. Biskup Íslands, sýslumaður og staðarprestur mynda stjórn kirkjunnar. Brjóstmynd af Stefáni eftir Sigurjón Ólafsson, myndhöggvara, stendur fyrir framan kirkjuna. Kirkjugarðurinn umhverfis hana er forn. Hann var stækkaður, þegar núverandi kirkja var byggð. Ofan við hann er minnisvarði um séra Magnús Grímsson (1825-60), sem var maður fjölhæfur, skáld og leikritahöfundur. Hann lét til sín taka í fornleifa- og náttúrufræði. Hann aðstoðaði Jón Árnason við söfnun til og útgáfu fyrsta þjóðsagnasafns, sem kom út á íslenzku (Íslenzk ævintýri 1852) og þýddi margar bækur. Hann smíðaði m.a. sláttuvél, róðrarvél og vatnsvél.



Í Innansveitakróníku Halldórs Laxness stendur: „Sé lítið heim að Mosfelli núna væri ætlandi að kirkjan hefði staðið þar á hólnum og turninn borið við ský síðan í fornöld. Svo er þó eigi. Aftur og aftur hvarf kirkja þessi af hólnum. Æ ofaní æ var hún rækilega burt máð af blöðum sögunnar, numin úr lögum guðs og manna, ekki nefnd í skilríkjum, ekki vísa um hana í munnmælum. Hafi nokkur kirkja nokkru sinni getað hrópað með nokkrum rétti guð minn hví hefur þú yfirgefið mig, þá er það Mosfellskirkja.”

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir skrifaði sögu merkrar konu Ólafíu Jóhannsdóttir. Hún fæddist árið 1863 á Mosfelli í Mosfellsveit. Henni var á fyrsta ári komið í fóstur í Viðey og síðar til móðursystur sinnar, Þorbjargar Sveinsdóttur ljósmóður í Reykjavík. Saga Ólafíu er saga skaprikar konu sem fór ævinlega sína leið og þegar öll sund virtust lokuð fann hún frelsi sitt og lífsbjörg í trú á kærleiksríkan Guð. Í krafti þess gerði hún sér heimili meðal vændiskvenna, fátæklinga og drykkjumanna í Ósló. Stytta af henni er stendur norðan við kirkjuna.

## ÚR JARÐARBÓK 1702

Mosfell Beneficium og kirkjustaður. Jarðardýrleiki óviss. Ábúandi er staðarhaldarinn sr. Þórður Konráðsson. Landskuld engin. Húsum og kirkju viðheldur staðarhaldarinn. Leigukúgildi eru hjer engin. En kirkjunnar kúgildi eru ix, af hvörjum staðarhaldarinn uppber ávöxtu og heldur ábyrgð yfir. Eru 6 af þeim heima á staðnum.

Kvaðir eru öngvar. Kvikfjenaður viii kýr, i kvíga tvævetur, i veturgömul, i naut veturgamalt, i kálfur, xx ær með lömbum, i geld, iiiii sauðir þrevertir, iii tvævetrir, xiii veturgamlir, iii hestar, i hross, ii únghryssi tvævetur. Fóðrast kunna viii kýr, ii úngneyti, i hestur til eldis. Heimilismenn xi.

Torfrista og stúnga lök. Mótak til eldiviðar bjarglegt og tekur að þverra heima, er þó að menn meina varanlegt, þó nokkru fjær sje.

Laxveiði á staðurinn í Leirvogsa, sem fellur eftir Stardal. Engjar liggja undir beitar átroðningi, sem ekki verður við varað. Landþröng er mikil. Selstöðu á staðurinn undir Grímarsfelli. Vetrarríki mikið.

Stórviðrasamt mjög so hætt er bæði húsum og heyjum. Skriða hefur gjört á túninu skaða til stórmeina.

Mosfell hefur þótt heldur rýr jörð, en er fallegasta bæjarstæði dalsins.

## Fasteignasala Mosfellsbæjar

Örugg og góð  
þjónusta

Sími: **586 8080**  
**www.fastmos.is**

Minna-Mosfell Guesthouse

Recommended on  
tripadvisor

Minna-Mosfell Guesthouse | 271 Mosfellsbær | Iceland  
Phone: (+354) 669 03 66 | www.minnamosfell.net

## DÝRALÆKNIRINN

Mosfellsbæ

Urðarholti 2  
270 Mosfellsbæ

Sími 566 5066 | 660 0633

Opíð: 9 -18 alla virka daga

Neyðarvakt dýraspítala höfuðborgarsvæðisins opin allan sólarhringinn  
530 4888

**Gislason**

VIÐGERÐIR EHF.

Völuteigi 25

587 2060



# PRENTUN FYRIR ÞIG



## ARTPRO

PRENTÞJÓNUSTA

- ✓ [www.artpro.is](http://www.artpro.is)
- ✓ [artpro@artpro.is](mailto:artpro@artpro.is)
- ✓ Sími: 520 3200
- ✓ Bíldshöfða 14, Reykjavík

## Íslenskur kalkúnn

gæði í yfir 60 ár



## Hollur hátíðarmatur

Fylltur kalkúnn  
fullkomnar veisluna

Uppskriftir og  
eldunarleiðbeiningar á  
[kalkunn.is](http://kalkunn.is)



**Holda**  
KALKÚNN

